



## Reglur um rafrænar kosningar í Kópavogi

### Okkar Kópavogur

#### 1. gr.

##### Almennt um rafrænar kosningar

Kosningakerfið er rafrænt og er unnið í samstarfi UT deildar og umhverfissviðs. Kerfið er þróað af Íbúum ses. í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ísland.is en Advania veitir ráðgjöf og rýni varðandi öryggisþætti og ferla. Kosningarnar eru ekki lögbundnar.

Íbúar Kópavogs geta kosið milli allt að 20 verkefna í einu hverfi. Þeir geta haft áhrif á val verkefna í hvaða hverfi sem er óháð búsetu en þó aðeins í einu hverfi. Um er að ræða verkefni sem skilgreind eru sem smærri nýframkvæmdir eða viðhaldsverkefni. Gerð er grein fyrir kostnaði við hvert verkefni. Kjósendur geta valið saman þann fjölda verkefna sem þeir vilja þar til þeirri heildaupphæð er náð sem hverfið hefur til umráða eða þar til fjárheimildin dugar ekki lengur fyrir neinu af þeim verkefnum sem ekki hafa verið valin. Ekki er nauðsynlegt að klára fjárheimildina til þess að geta skilað inn atkvæði og þannig geta kjósendur valið fjölda þeirra verkefna sem þau greiða atkvæði sitt.

Kosningarnar fela í sér endanlega ákvörðun um val þessara verkefna í hverfum Kópavogs.

#### 2. gr.

##### Tímasetning kosninganna

Hugmyndasöfnun fer almennt fram í október. Kosningar eru haldnar eftir að hugmyndasöfnun lýkur, eftir að matshópar A og B hafa lokið við sína vinnu. Kosningar eru almennt haldnar í lok janúar eða byrjun febrúar og ákveður bæjarstjóri nákvæma dagsetningu fyrir hverjar kosningar. Kosningar eru almennt opnar frá miðnætti á fimmtudegi til miðnættis á þriðjudegi rúmri viku síðar.

#### 3. gr.

##### Kjörskrá og kosningaréttur

Rétt til þátttöku í kosningunum hafa íbúar sem á árinu eru 16 ára eða eldri og sem eru búsettir í Kópavogi á þeim degi sem kosið er. Sannreynt er hvort kjósendi er búsettur í Kópavogi og á réttum aldri samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár þegar atkvæði er greitt. Inni á Mínum síðum á Ísland.is getur kjósendi skoðað hvernig hann er skráður í Þjóðskrá. Hægt er að auðkenna sig inn á Mínar síður á Ísland.is með kennitölu og Íslykli eða rafrænum skilríkjum með korti eða í síma. Einnig er hægt að skoða þjóðskrárupplýsingar í heimabanka.



#### 4. gr. Kjörstaðir

Kosningasíðan er aðgengileg í gegnum heimasíðu Kópavogsbæjar. Árið 2020 er kosið á vefslóðinni kosning2020.kopavogur.is. Ekki er um eiginlega kjörstaði og kjörklefa að ræða þar sem fylgst er með því að kjósandinn sé einn í kjörklefanum. Kjósandinn getur kosið í tölvu eða snjalltæki. Áður en atkvæði viðkomandi kjósanda er sett í rafrænan kjörkassa, er skilið á milli auðkenningar og atkvæðis þannig að tryggt er að ekki sé hægt að rekja samband kjósanda og atkvæðis. Sérhver kjósandi getur kosið eins oft og hann vill, en aðeins seinasta atkvæðið sem greitt er, er talið sem gilt atkvæði. Þannig getur kjósandi kosið aftur vilji hann breyta atkvæði sínu.

Þjónustuver Kópavogsbæjar býður upp á aðgang að tölvum og aðstoð við kosninguna sé þess óskað. Sama á við um Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a. Sjá nánar í Aðstoð við atkvæðagreiðslu.

#### 5. gr. Leiðbeiningar um kjörseðil og atkvæðagreiðslu

##### A. Hverfasíða – veldu hverfi

Þegar kjósandi hefur farið inn á vefsíðu kosninganna birtist honum forsíða með korti af Kópavogi þar sem hver bæjarhluti hefur sinn lit, fimm hverfi. Þar velur hann í hvaða bæjarhluta hann vill kjósa með því að smella á viðeigandi stað á kortinu.

##### B. Kjörseðillinn

Kjörseðillinn inniheldur lista með allt að 20 verkefnum, einn kjörseðill fyrir hvert hverfi. Til að fullnýta atkvæðið þarf kjósandi að velja verkefni þar til fleiri verkefni rúmast ekki innan fjárheimildarinnar. Kjósandi getur kosið með því að ýta á „Kjósa“ jafnvel þótt hann hafi ekki nýtt alla fjárheimildina. Atkvæðið verður gilt eftir sem áður.

Hverri hugmynd fylgir mynd og valmöguleikar um að sjá frekari lýsingu á verkefni og staðsetningu. Merkin eru appelsínugul að lit og eru staðsett á mynd í hugmyndareitnum. Merkið vinstra megin á myndinni í hugmyndareitnum gefur tækifæri til að deila hugmyndinni á samfélagsmiðlunum Facebook og Twitter. Fellistika birtist þegar smellt er á merkið hægra megin og þar er hægt að nálgast nánari upplýsingar um verkefnið. Efsta merkið með fjöllunum táknar mynd af hugmyndinni, merki númer tvö í fellistikunni táknar nánari upplýsingar um verkefnið. Merki númer þrjú táknar staðsetningu á korti og síðasta merkið vísar á upprunalegu hugmyndina á hugmyndavefnum. Sú hugmynd sem er til kosninga er byggð á hugmynd íbúa sem finna má á hugmyndavef.

##### C. Gefa einni hugmynd tvöfalt vægi

Kjósandi getur gefið einni hugmynd af þeim sem hann kys tvöfalt vægi með því að ýta á hjartað sem birtist vinstra megin þegar hugmynd hefur verið valin. Þegar atkvæði eru talin þá bætist eitt auka atkvæði við hjarta merktu hugmyndina. Ef kjósandi velur bara eina hugmynd og setur hjarta við hana mun sú hugmynd fá tvö atkvæði.



#### D. Staðsetning verkefna

Ofarlega til hægri á kjörseðlinum er að finna hnapp sem á stendur kort, en með því að smella á þann hnapp er hægt að sjá hvernig verkefnin dreifast um hverfið og hægt er að velja verkefni með því að smella á staðsetningarpunkt á korti.

#### E. Nánari upplýsingar um verkefnin

Ef kjósandi vill fá nánari upplýsingar um verkefnin getur hann smellt á appelsínugula blaðsíðumerkið sem er undir valmöguleikanum um að sjá frekari lýsingu á verkefninu hægramegin uppi í hugmyndareitnum. Þá birtist texti þar sem mynd var áður, til þess að fara aftur í mynd er valið appelsínugula myndatáknid til vinstri í hugmyndareitnum.

#### F. Verkefni valin

Í hægri horni hvers hugmyndareits á kjörseðli er að finna hnapp með plúsmerki, til þess að greiða hugmynd atkvæði þarf að smella þann hnapp og við það raðast hugmynd í pottinn sem birtist efst á síðunni.

#### G. Fjárheimild hverfis

Hægt er að kjósa verkefni þar til fjárheimild hverfis er fullnýtt en það er ekki nauðsynlegt að klára fjárheimild til þess að atkvæðið teljist gilt.

Tölurnar fyrir ofan hugmyndapott efst á síðunni sýna hversu hárru upphæð kjósandi hefur ráðstafað og hversu mikið hann á eftir. Kjósandi getur haldið áfram að velja verkefni þar til heildarupphæðinni fyrir viðkomandi hverfi er náð eða þar til ekki er til nægur peningur fyrir neinu af þeim verkefnum sem eftir eru. Verkefni sem kjósandi hefur ekki lengur efni á fá gráan lit. Ekki er hægt að velja þau lengur. Ekkert lágmark er á fjölda hugmynda sem hægt er að kjósa, þannig getur kjósandi greitt aðeins einu verkefni atkvæði sitt ef hann kys að gera það.

#### H. Verkefni fjarlægð og ný valin

Til að fjarlægja verkefni er smellt á mínusinn sem birtist eftir að verkefnið hefur verið valið eða smellt á myndina af hugmyndinni sem birtist í pottinum efst á síðunni. Við það dettur hún úr pottinum.

Þá er aftur hægt að velja þau verkefni sem á ný rúmast innan fjárheimildarinnar (hnappurinn er ekki lengur grár og fær sinn upphaflega lit). Á þennan hátt getur kjósandi valið og fjarlægt verkefni – allt þangað til hann ákveður að kjósa.

#### I. Kjósandi getur ekki nýtt alla fjárheimildina – er atkvæðið gilt?

Kjósandi getur staðið frammi fyrir því að geta ekki fullnýtt fjárheimildina fyrir viðkomandi hverfi, t.d. þegar verkefnin sem ekki hafa verið valin kosta hvert um sig meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem eftir er. Ekki þarf að hafa áhyggjur af þessu. Hægt er að kjósa þrátt fyrir að fjárheimild sé ekki fullnýtt og atkvæðið er gilt.

#### J. Ýtt á hnappinn „Kjósa“ – auðkenning þörf

Þegar kjósandi hefur lokið við að velja verkefni smellir hann á hnappinn Kjósa. Þá birtist innskráningargluggi frá [island.is](http://island.is) og kjósandi auðkennir sig (til þess að sannreyna að kjósandinn sé á kjörskrá).



## K. Kjósandi getur kosið eins oft og hann vill – aðeins nýjasta atkvæðið gildir

Kjósandi getur kosið eins oft og hann vill meðan kosningin er opin, en hafa ber í huga að það er aðeins nýjasta atkvæðið sem gildir.

### 6. gr.

#### Auðkenning kjósenda og kosningaréttur

Kjósandi auðkennir sig með öruggum hætti með innskráningarþjónustu [island.is](https://island.is). Sannreynt er hvort kjósandi er búsettur í Kópavogi og á réttum aldri samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár þegar atkvæðið er greitt. Í kosningakerfinu er hvert atkvæði síðan dulkóðað. Ekki er hægt að rekja atkvæðið aftur til kjósenda.

Þegar kjósandi hefur valið verkefni og smellt á Kjósa opnast nýr gluggi með auðkenningarþjónustu [island.is](https://island.is) vegna kosninganna og þar blasir við honum innskráningarsíða. Hér getur hann valið um þrjá möguleika til innskráningar: rafræn skilríki í síma, rafræn skilríki á snjallkorti eða Íslykil:

- Rafræn skilríki með síma

Kjósandi slær inn símanúmerið sitt og smellir á hnappinn síðan er spurt um PIN kóða á síma, gætt skal að því að síminn sé ekki læstur á meðan á innskráningu stendur.

- Rafræn skilríki á snjallkorti

Kjósandi setur snjallkort með rafrænum skilríkjum í tengdan kortalesara og smellir á hnappinn Lesa skilríki og slær inn PIN kóða (ekki þann sem er notaður í hraðbönkum).

- Íslykill

Kjósandi slær inn kennitölu sína og Íslykil og smellir á hnappinn Staðfesta. Sjá nánar um Íslykil hér að aftan.

### 7. gr.

#### Nánar um rafræn skilríki og Íslykla

##### A. Rafræn skilríki

Þeir kjósendur sem hafa virkjað fullgild rafræn skilríki frá Auðkenni í farsíma geta nýtt sér þau við kosningarnar. Skilríkin virka á gömlum sem nýjum sínum, óháð stýrikerfum. Enginn kortalesari, enginn hugbúnaður, engin öpp. Bara að hafa símann við höndina, það er það eina sem þarf.

Þeir kjósendur sem fengið hafa snjallkort með rafrænum skilríkjum geta nýtt þau við kosningarnar.

##### B. Íslykill

Tæplega þrjúhundruð þúsund manns hafa þegar eignast Íslykil, og mjög auðvelt er að fá slíkan lykil.

Hér má panta Íslykil: <https://innskraning.island.is/?panta=1>

- Sending í íslenskan heimabanka (einfaldast ef kjósandi er með heimabanka á Íslandi, tekur um 5-10 mínútur).



- Sending á lögheimili á Íslandi (4-6 virka daga).
- Afhending í afgreiðslu Þjóðskrár Íslands, Borgartúni 21 gegn framvísun vegabréfs eða ökuskráteis.

Við fyrstu innskráningu með nýjum Íslykli er eigandi lykilsins beðinn að breyta honum og velja sér sterkan Íslykil til framtíðar.

Þurfi kjósandi á aðstoð að halda við öflun auðkennis, innskráningu eða atkvæðagreiðslu mun þjónustuver Kópavogsbæjar liðsinna í síma 441-0000.

Kjósandi getur einnig óskað aðstoðar starfsmanna Bókasafns Kópavogs við innskráningu og atkvæðagreiðslu. Reglur um þessa aðstoð má finna í Aðstoð við atkvæðagreiðslu.

## 8. gr. Talning atkvæða

Talningu atkvæða er háttáð sem hér segir:

1. Öll atkvæðin í viðkomandi hverfi eru talin og verkefnum raðað eftir fjölda atkvæða. Þau verkefni sem íbúinn velur og gefur hjarta eru talin tvöfalt.
2. Því verkefni sem flest atkvæði hefur hlotið í viðkomandi hverfi er stillt upp og kostnaðurinn við verkefnið dreginn frá heildarfjárheimildinni.
3. Það verkefni sem næstflest atkvæði hefur hlotið er tekið og borið saman við það sem eftir er af fjárheimildinni. Ef verkefnið rúmast innan fjárheimildarinnar er það sett á lista valinna verkefna. Ef það rúmast ekki innan heimildarinnar er því sleppt og þriðja atkvæðamesta verkefnið skoðað.
4. Svona gengur þetta koll af kolli, þar til fjárheimildin hefur öll verið notuð eða hún orðin of lítil fyrir nokkurt þeirra verkefna sem eftir eru.
5. Ef upp koma tilfelli þar sem verkefni kosta jafnmikið og eru jöfn að atkvæðum og vafi leikur á um hvort þeirra skuli teljast valið, sker kjörstjórn úr um það með hlutkesti.
6. Ef upp koma tilfelli þar sem verkefni kosta mismikið og eru jöfn að atkvæðum og vafi leikur á um hvort þeirra skuli teljast valið, sker kjörstjórn úr um það með hlutkesti.
7. Fjármagni ekki úthlutað

Gert er ráð fyrir tiltekinni fjárhæð til verkefnisins. Árið 2020 er fjárhæðin 200 milljónir króna. Upp getur komið sú staða að fjármagn nýtist ekki til fulls vegna uppröðunar verkefna. Ef eftir stendur fjármagn sem ekki nýtist í verkefninu skal það renna aftur í bæjarsjóð.

### 8. Birting niðurstaða

Kjörstjórn birtir niðurstöður kosninganna þegar talningu er lokið.

### 9. Aðstoð við atkvæðagreiðslu

Hægt verður að kjósa og fá aðstoð við að greiða atkvæði eða við öflun Íslykils á opnunartíma þjónustuvers Kópavogs og Bókasafni Kópavogs á meðan kosningar standa yfir. Starfsmenn Kópavogs eru bundnir trúnaði.



- Kjósandi gefur sig fram við starfsmann og gerir grein fyrir sér með framvísun skilríkja.
- Starfsmaður útvegar kjósanda aðgang að tölvu og aðstoðar kjósanda við öflun Íslykils með því að leiðbeina honum skref fyrir skref.
- Starfsmaður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu með því að leiðbeina honum skref fyrir skref.

#### 9. gr.

#### Upplýsingar og fyrirspurnir

Upplýsingar og leiðbeiningar um kosningarnar eru aðgengilegar á kosningavefnum meðan á kosningu stendur. Þar verður hægt að senda inn fyrirspurnir og ábendingar á netfangið [okkarkopavogur@kopavogur.is](mailto:okkarkopavogur@kopavogur.is) Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um kosningarnar í þjónustuveri Kópavogs á Digranesvegi 1 eða í síma 441-0000.

#### 10. gr.

#### Kjörstjórn

Kjörstjórn er skipuð þremur fulltrúum frá Kópavogsbæ. Kjörstjórn ber ábyrgð á framkvæmd kosninganna, sker úr um vafaatriði og afgreiðir þær athugasemdir er kunna að berast vegna þeirra. Kjörstjórn skipa:

- Bæjarritari
- Forstöðumaður UT deildar
- Lögfræðingur

Fyrirspurnir og ábendingar varðandi framkvæmd kosninganna skulu berast á netfangið [kjorstjorn.okkarkopavogur@kopavogur.is](mailto:kjorstjorn.okkarkopavogur@kopavogur.is).

#### 11. gr.

#### Eftirlit með framkvæmd kosninganna

Sérfræðingar í framkvæmd rafrænna kosninga úr hugbúnaðardeild Advania sjá um úttekt á kóða kosningakerfisins fyrir og við framkvæmd kosninganna. Sérfræðingarnir munu einnig hafa eftirlit með tengingu við kjörskrá og hvernig rafrænni auðkenningu kjósenda er háttað. Eftir talningu atkvæða stemma sérfræðingarnir af kjósendur í atkvæðagreiðslunni m.v. þá kjósendur sem auðkenndu sig í kosningunni. Sérfræðingarnir munu einnig veita almenna ráðgjöf varðandi ferla, framkvæmd kosningarinnar og tilkynna kjörstjórn um frávik. Sérfræðingarnir eru þeir Sigurður Másson ([sigurdur.masson@advania.is](mailto:sigurdur.masson@advania.is)) og Grétar Þór Grétarsson ([gretar.gretarsson@advania.is](mailto:gretar.gretarsson@advania.is)). Að öðru leyti hafa starfsmenn Kópavogsbæjar sem sjá um framkvæmd kosningarinnar, eftirlit með framkvæmd kosninganna samkvæmt skilgreindu hlutverki þeirra í framkvæmdinni.

Deloitte hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar.

Samþykkt í bæjarráði 19. desember 2019